



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

3/4
Alþingi
Erindi nr. P 133/229
komudagur 23.11.2006

Reykjavík 23. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 95. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 95. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að framlengja tímabundin lög um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi til loka árs 2011. Alþýðusambandið mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 133/577
komudagur 6.12.2006

Reykjavík 4. desember 2006
Tilv. FLE 19-2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: **Frumvarp til laga um endurgreiðsiur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 95. mál, framlenging gildistíma laganna o.fl.**

Með bréfi dags. 13. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.


Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Í samræmi við starfsreglur FLE var erindið einnig sent til skattanefndar FLE til umsagnar.

Skattanefndin fjallaði um erindið og gerði engar athugasemdir við frumvarpið.

Álitsnefndin tók málið síðan til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Gunnar Sigurðsson
Faglegur framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/208
komudagur 22.11.2006

Nefndasvið Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. nóvember 2006.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum. 133. löggjafarþing 2006 – 2007. Þskj. 95 - 95. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 13. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og telur nefndin að þar sem málið sé pólitísku eðlis, falli það ekki að hlutverki nefndarinnar að láta í té umsögn um það.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður



DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍKReykjavík, 23. nóvember 2006 2006110218
G-ums 4/06**Umsögn um 95. mál, frumvarp til laga um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.**

Með bréfi dagsettu 13. nóvember 2006 óskar háttvirt iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um 95. þingmál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur kynnt sér efni frumvarpsins og telur að það gefi ekki tilefni til athugasemda af hans hálfu.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra
Bjarni Arnþór Lárússon
Sigrún Högnason

Alþingi
Erindi nr. P 133/261
komudagur 24.11.2006



Nefndasvið Alþingis
lönaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


21.nóvember 2006

Efni: Frumvarp til laga um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 95.mál, framlenging gildistíma laganna o.fl.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið þetta tilvitnaða frumvarp sem framlengir til ársloka 2011 endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi að tilteknum skilyrðum laganna. Samtökin telja frumvarpið jákvætt framlag til kvikmyndagerðar og jafnframt eðlilegt að í ljósi fenginnar reynslu af þeirri undanþágu sem voru samþykktar nálægt árslokum árið 2000 þá sé skerpt á þeim atriðum sem gerir þessa framkvæmd gegnsærri og skýrari. horfum í landinu á hverjum tíma.

SVP lýsa sig því samþykka umræddu frumvarpi.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 133/424
komudagur 1.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (95. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er fyrst og fremst ætlað að framlengja lög um endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar til lok árs 2011.

Viðskiptaráð telur að það sé ekki hlutverk löggjafans að hafa skoðun á því að tiltekna atvinnugreinar séu betri eða mikilvægari en aðrar. Þess vegna leggst ráðið gegn því að tiltekna atvinnugreinar séu veittar sérstakar ívilnanir umfram aðrar. Sama gildir um íþyngjandi lagaákvæði vegna tiltekinnar atvinnugreina eins og sértækrar skattlagningar. Slík mismunun stenst ekki sjónarmið um jafnræði. Slíkt er enda til þess fallið að flækja skattkerfið sem veldur kostnaði fyrir ríkið og skattgreiðendur auk þess sem það dregur úr virki höfuðmarkmið þess, sem er að afla ríkinu tekjur.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs